Reykjanesbær 21. júlí 2026

## Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og Samfylkingar til fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sem bókuð var á bæjarráðsfundi nr. 1571 þann 9. júlí, 2026

„Fyrirspurn til Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins

Laun bæjarfulltrúa og nefndarfólks Reykjanesbæjar hafa verið þau sömu síðan 2023 þegar þáverandi bæjarstjórn tók ákvörðun um að frysta launahækkanir í takt við hækkanir á árlegu þingfarakaupi.

Nú þegar bæjarstjóri hefur tilkynnt fulltrúum minnihlutans að núverandi meirihluti Reykjanesbæjar hyggst taka inn hækkun á þingfarakaupi ársins 2026, vilja fulltrúar Samfylkingar og Framsóknar leggja fram eftirfarandi spurningar um málið:

- Hvað mun þessi hækkun launa allra bæjarfulltrúa og nefndarfólks hjá Reykjanesbæ þýða í krónutölum?
- Hvernig hyggst meirihlutinn fjármagna slíkt á miðju ári þar sem ekki var gert ráð fyrir umræddum hækkunum í fjárhagsáætlun ársins?

Umræddar breytingar á launakjörum voru ekki kynntar formlega innan bæjarráðs né tekin umræða þar um. Hér er enn ein ákvörðunin tekin af alvaldi bæjarstjóra.

Gróflegir útreikningar sýna að hækkunin í bæjarstjórn eingöngu er um tæp milljón mánaðarlega. Slíkar fjárhagslegar ákvarðanir eiga heima innan bæjarráðs Reykjanesbæjar.

Við óskum eftir svörum við fyrirspurn okkar á næsta fundi bæjarráðs.“

***Hvað mun þessi hækkun launa allra bæjarfulltrúa og nefndarfólks hjá Reykjanesbæ þýða í krónutölum?***

Hér má líta á hækkunina í krónutölum í töflu hér að neðan en hækkunin nemur 20,9% frá þingfararkaupi 1. júlí 2023 til þingfararkaups sem tók gildi 1. júlí 2026:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **1.379.222 ISK** | | 1.667.683 ISK | | |
| | **1.379.222 ISK** | | 1.667.683 ISK | | |
| | 1.7.2023 | | 1.7.2026 | | |
| | | | | | |
| | **Reykjanesbær 2023** | | **Reykjanesbær 2026** | | |
| | **júlí** | | **júlí** | | |
| | þingfararkaup '22 | 1.345.582 ISK | þingafararkaup '25 | 1.610.841 ISK | |
| | hækkun | 2,50% | hækkun | 3,53% | |
| | | | | | **Hækkun** |
| Forseti bæjarstjórnar | 25,00% | **344.806** | 25,00% | **416.921** | 72.115 |
| Aðalfulltrúi | 17,50% | **241.364** | 17,50% | **291.845** | 50.481 |
| Forseti fyrir fund | 8,00% | **110.338** | 8,00% | **133.415** | 23.076 |
| Aðalfulltrúi fyrir fund | 5,00% | **68.961** | 5,00% | **83.384** | 14.423 |
| | | | | | |
| Formaður bæjarráðs | 31,25% | **431.007** | 31,25% | **521.151** | 90.144 |
| Formaður bæjarráðs 1.8.2026 | 31,25% | **521.151** | 50,00% | **833.842** | 312.691 |
| Formaður fyrir fund | 4,00% | **55.169** | 4,00% | **66.708** | 11.539 |
| Aðalfulltrúi | 20,00% | **275.845** | 20,00% | **333.537** | 57.692 |
| Alm bæjarráðsmaður fyrir fund | 2,75% | **37.929** | 2,75% | **45.862** | 7.933 |
| Varabæjarfulltrúi | 7,00% | **96.546** | 7,00% | **116.738** | 20.192 |
| Formaður ráðs | 7,00% | **96.546** | 7,00% | **116.738** | 20.192 |
| Alm ráðsmaður | 4,50% | **62.065** | 4,50% | **75.046** | 12.981 |

Þegar reiknað er út nefndalaun og launatengd gjöld miðað við þessa hækkun og tekið tillit til nýrra nefna og nefnda sem falla niður þá nemur hækkunin 14.870.327,-.

Ráðhús Reykjanesbæjar
Grænásbraut 910 Sími 421 6700
260 Reykjanesbær reykjanesbaer@reykjanesbaer.is reykjanesbaer.is

***Hvernig hyggst meirihlutinn fjármagna slíkt á miðju ári þar sem ekki var gert ráð fyrir umræddum hækkunum í fjárhagsáætlun ársins?***

Ein af forsendum fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2026 var að öll laun voru hækkuð um 4% og þar með talið nefndarlaun. Ef reiknuð eru nefndarlaun fyrir bæjarstjórn og öll ráðin fyrir 1.7 til 31.12 2026 miðað við hækkun 1. júlí gera það 80.231.254,- með launatengdum gjöldum á móti er ónýttar fjárheimildir bæjarstjórnar og ráða þann 1.7 nema 86.476.706,-:

| | | **Áætlun 2026** | **Nýtt 6 mánuði** | **Ónýtt 1.7.2026** | **Áætlun 1.7-31.12 26** |
|---|---|---|---|---|---|
| Bæjarstjórn | 21010 | 68.000.000 | 32.232.137 | 35.767.863 | 37.617.089 |
| Bæjarráð | 21011 | 42.100.000 | 19.681.755 | 22.418.245 | 21.977.726 |
| ÍT og MEN ráð | 06010 | 4.926.408 | 2.140.300 | 2.786.108 | 2.948.063 |
| Leikskólaráð | 04205 | - | - | - | 2.948.063 |
| Menntaráð | 04200 | 4.926.408 | 2.060.882 | 2.865.526 | 2.948.063 |
| Skipulagsráð | 09201 | 10.967.956 | 5.218.429 | 5.749.527 | 5.896.125 |
| Umhverfis- og framkvændaráð | 09010 | - | - | - | 2.948.063 |
| Velferðarráð | 02020 | 8.631.000 | 2.948.988 | 5.682.012 | 2.948.063 |
| | | | | | |
| Lýðheilsuráð | 06015 | 4.926.408 | 2.455.292 | 2.471.116 | |
| Menningaráð | 05010 | 4.889.750 | 2.046.070 | 2.843.680 | |
| Sjálfbærniráð | 11010 | 4.936.656 | 1.688.045 | 3.248.611 | |
| Eignasjóður | 31010 | 4.740.000 | 2.095.982 | 2.644.018 | |
| | | | | **86.476.706** | **80.231.254** |

Óskað verður eftir flutningi á fjárheimildum milli deilda í öðrum dagskrálið þessa fundar.

Samantekt:

Iðunn Kristín Grétarsdóttir, forstöðumaður launa- og kjaradeildar

Regína Fanný Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

**Ráðhús Reykjanesbæjar**

Grænásbraut 910 Sími 421 6700

260 Reykjanesbær reykjanesbaer@reykjanesbaer.is reykjanesbaer.is